

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 50. fundur.

að Hlíðavegi 6, 27. jan. 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi Landsvirkjunar dags. 28. des. 2004 þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórn. Friðrik Sophusson, mætir til fundarins.
3. Fjárhagsáætlun 2005, síðari umræða.
4. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2005.
5. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 17. jan.
6. Fundargerð veitnanefndar frá 18. jan.
7. Erindi Sorpsamlags Þingeyinga um að sveitarstjórnir sem aðild eiga að félaginu ábyrgist lántöku vegna byggingar sorpbrennslu.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Áslaugur Hadsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Erindi Landsvirkjunar dags. 28. des. 2004 þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórn. Friðrik Sophusson, mætir til fundarins.

Af hálfu Landsvirkjunar mættu til fundarins, Friðrik Sophusson, Bjarni Bjarnason, Agnar Olsen og Þorsteinn Hilmarsson.

Gestirnir fræddu sveitarstjórn um ýmislegt sem lýtur að rekstri Landsvirkjunar.

Þá var farið yfir samskipti Landsvirkjunar og sveitarstjórnar sem verið hafa með ágætum. Ágætar umræður urðu í kjölfarið.

3. Fjárhagsáætlun 2005, síðari umræða.

Fyrir fundinum liggur áætlun þar sem áætluð útgjöld hafa verið framreiknuð miðað við óbreyttan rekstur fyrra árs. Áætlunin gerir ráð fyrir að útgjöld vaxi um 5% en samdráttur heildartekna verði um 11%.

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram af fulltrúum E-lista og O-lista til umræðu á fundinum:

Umræðutilögur E-lista vegna fjárhagsáætlunar 2005

		gjöld	tekjur	Skýringar
00	Skatttekjur		1.000	1.
04	Skólinn	- 1.500		2.
04	Tónlist	- 750		3.
04	Leikskóli	- 500		4.
06	Íþróttamiðstöð	- 2.000		5.
08	Meindýraeyðing	- 700		6.
08	Heilbrigðiseftirlit		850	7.
11	Refir minkar	- 2.000		8.
13	Landgr.	- 500		9.
13	Upplmiðstöð	- 2.000		10.
21	Sameiginl. kostn.	- 500	1.000	11.
		- 10.450	2.850	

Stefnt verði að sölu Skjólbrekku.

Skýringar:

1. Vegna hækkunar á fasteignamati verða tekjur af fasteignagjöldum 1 milljón kr. hærrí en ráðgert hafði verið.
2. Rekstrarkostnaðurinn nemur um 67 milljónum kr. Stjórnendur leiti leiða til að draga kostnaðinn saman um 1.500 þús eða um 2,2%
3. Dregið verði úr yfirvinnu við tónlistarskólann með því að draga úr framboði kennslu.
4. Rekstrarkostn mun dragast saman þar sem starfsfólki hefur verið fækkað í kjölfar minnkandi aðsóknar.
5. Dregið verði úr þjónustu íþróttamiðstöðvar t.d. með lokun sundlaugar yfir kaldasta tíma ársins, enn fremur verði þjónustutími stytur yfir sumarið. Forstöðumanni verði falið að útfæra tillögur í þessu sambandi.
6. - 8. Kostnaður vegna þessara málaflokka hefur farið vaxandi um leið og dregið hefur verið úr endurgreiðslum af hálfu ríkisins. Viðræður standa um þessar mundir milli Sambands sveitarfélaga og ríkisins um þessar endurgreiðslur ásamt fleir málum. Takist ekki að fá auknar endurgreiðslur verður að leita leiða í samráði við meindýraeyði um samdrátt í þessum málaflokkum.
7. Sveitarstjórn hefur samþykkt að innheimta heilbrigðiseftirlitsgjöld á þessu ári og munu tekjur af þeim nema um 850 þús. kr.
9. Skútustaðahreppur mun hætta að taka þátt í kostnaði við uppgræðslu í Krákárbotnum.
10. Skútustaðahreppur mun hætta rekstri upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn.
11. Dregið verði úr stuðningi við ýmiss verkefni sem studd hafa verið með fjárframlögum undanfarin ár. Þá aukast tekjur skrifstofu þar sem samningi við Orkuveitu Húsavíkur um umsjá reikningsgerðar Hitaveitu Reykjahlíðar hefur verið sagt upp og mun skrifstofa Skútustaðahrepps vinna verkið.

Umræðutilögur O-lista

		gjöld	tekjur	Skýringar
00	Skatttekjur		10.000	1.
04	Fræðslumál	- 3.000		2.
05	Menningarmál	- 500		3.
06	Íþróttamiðstöð	- 3.000		4.
08	Heilbrigðiseftirlit		850	5.
11	Refir minkar		5.000	6.
13	Atvinnumál	- 1.000		7.
21	Sameiginl. kostn.	- 3.000		9.
		- 10.500	15.850	

Kannaður verði möguleiki á sölu Hitaveitunnar

Skýringar:

1. Gert verði ráð fyrir 1. milljón. kr. hærri tekjum af fasteignagjöldum vegna breytinga á fasteignamat. Þá verði gert ráð fyrir 9 milljóna kr. hærri tekjum af staðgreiðslu en gert er ráð fyrir í drögum.
2. Skólanefnd verði falið að kanna í samstarfi við skrifstofu Skútustaðahrepps og skólastjórnendur (alla þrjá) kosti þess og galla að sameina alla skólana í eina stofnun undir stjórn eins skólastjóra en með tvo deildarstjóra yfir tónlistarskóla og leikskóla. Þetta verk þarf að vinna hratt og vel þannig að ef af sameiningu verður taki hún gildi í upphafi skólaársins 2005-2006.
3. Dregið verði úr stuðningi við ýmiss verkefni sem studd hafa verið með fjárframlögum af þessu lið. Þá er gert ráð fyrir smærri samdrætti á ýmsum liðum sem undir málaflokkinn falla.
4. Almennt aðhald, draga úr yfirvinnu og lþka sundlaug nóv. – mars.
5. Sveitarstjórn hefur samþykkt að innheimta heilbrigðiseftirlitsgjöld á þessu ári og munu tekjur af þeim nema um 850 þús. kr.
6. Farið verði í viðræður við Ríkið um að Ríkið taki kostnað af þessum málaflokki á sig.
7. Skútustaðahreppur mun hætta að taka þátt í kostnaði við uppgræðslu í Krákárbotnum. Þá lækka ýmsir liðir lítillga.
8. Gerð verður nánari grein fyrir útfærslu á næsta fundi sveitarstjórnar.

Miklar umræður urðu um fjárhagsáætlunina.

Tillaga O-lista um að fela skólanefnd að kanna í samstarfi við skrifstofu Skútustaðahrepps og skólastjórnendur (alla þrjá) kosti þess og galla að sameina alla skólana í eina stofnun undir stjórn eins skólastjóra en með tvo deildarstjóra yfir tónlistarskóla og leikskóla, var samþykkt samhljóða.

Frekari umræðum var síðan frestað til næsta fundar sem verður 3. febrúar en þá verður lokið við gerð fjárhagsáætlunar.

4. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2005.

Farið var yfir lista fyrra árs. Sveitarstjóra falið að leggja lista fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.

5. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 17. jan.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina fyrir sitt leyti. Forstöðumanni verði falin nánari útfærsla hugmynda um samdrátt í þjónustu.

6. Fundargerð veitnanefndar frá 18. jan.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

7. Erindi Sorpsamlags Þingeyinga um að sveitarstjórnir sem aðild eiga að félaginu ábyrgist lántöku vegna byggingar sorpbrennslu.

Lögð fram gögn frá Sorpsamlagi Þingeyinga um fjárfestingu í búnaði til sorpbrennslu ásamt fundargerð frá hluthafafundi sem haldinn var 14.1. sl. Einnig eftirfarandi tillaga fundarins:

“Með vísan til heimilda í 73. grein sveitarstjórnarlaga, leggur hluthafafundur í Sorpsamlagi Þingeyinga ehf., haldinn á Húsavík 14. janúar 2005, til við sveitarfélög sem hlut eiga í félaginu að þau ábyrgist lántöku þess, allt að kr. 330.000.000 hvert í hlutfalli við sína eignaraðild”

Hluttur Skútustaðahrepps er 11,04% samkvæmt yfirliti frá Sorpsamlaginu. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða ábyrgð Skútustaðahrepps samkvæmt framangreindri tillögu hluthafafundarins

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Áslaugur Haddsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.